

fjárnámi í eign gerðarþola bifr. G-21372, Peugeot árg. 1985. Fallið er frá virðingu.

Fógeti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mætta, sem er ólög-lærður, og brýnir m.a. fyrir honum að tilkynna gerðarþola fjárnámið og að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Upplesið, staðfest. Gerðinni lokið.

Kristinn Hallgrímsson.

Fimmtudaginn 18. júní 1987.

Nr. 26/1987. **Þórólfur Kristján Beck hæstaréttarlögmaður**
vegna þrotabús Byggingafélagsins
Reynis h/f

gegn

menntamálaráðherra og
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs

Kærumál. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason.

Sóknaraðili hefur skotið hinum kærða frávisunarúrskurði til Hæstaréttar samkvæmt heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. greinar laga nr. 75/1973, sbr. 112. gr. laga nr. 6/1978, með kæru 16. janúar 1987 er barst Hæstarétti 26. s.m. Krefst sóknaraðili þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir skiptaráðanda „að halda meðferð málsins áfram í héraði og leggja efnisdóm á málið“. Hann krefst og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðila.

Framangreindar kröfur ítrekaði sóknaraðili í greinargerð sinni til Hæstaréttar 18. febrúar sl. Segir síðan í greinargerð þessari:

„Rétt þykir að taka fram að eftir að mál þetta var kært til Hæstaréttar Íslands hefir undirritaður sannfærst um að samkomulag það, sem gert var um rekstur tveggja mála sem gagnsakar og aðalsakar fyrir skiptarétti Reykjavíkur sé á misskilningi og röngum forsendum reist og raunar ekki framkvæmanlegt þar sem aðild hinna tveggja mála er mismunandi. Annars vegar er um að ræða mál, þar sem menntamálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs Íslands og þrotabú Byggingafélagsins Reynis h/f eru málsaðilar, og annast undirritaður þar hagsmunagæslu sem málflutningsumboðsmaður eftir málflutningsumboði þrotabúsins. Á hinn bóginn er um að ræða málið Þórólfur Kristján Beck hrl. vegna þrotabús Byggingafélagsins Reynis h/f samkvæmt 114. gr. l. nr. 6/1978 gegn menntamálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs. Höfðar Þórólfur síðara málið í eigin nafni og á eigin kostnað, en hið fyrra mál beinist að þrotabúinu einvörðungu og er hvorki rekið í nafni Þórólfs né á hans kostnað. Ljóst er að Þórólfur Kristján Beck verður eigi dæmdur persónulega til að greiða kröfur ríkissjóðs á hendur þrotabúinu né heldur málskostnað í þeim þætti málsins. Verða málin vegna hinnar mismunandi aðildar eigi rekin sem gagnsök og aðalsök í einu og sama máli fyrir skiptarétti. Virðist því af þessari ástæðu ex officio bera að vísa máli þessu frá skiptaréttinum, hvað sem kröfugerð kæranda líður, en þá án málskostnaðar. Óhjákvæmilegt þykir að láta þessa getið enda þótt það samræmist eigi kröfum kæranda.“

Samkvæmt framansögðu hefur sóknaraðili uppi þá dómkröfu að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og lagt verði fyrir skiptaráðanda að kveða upp úrskurð að efni til um ágreining aðila jafnframt því sem hann heldur fram að málið sé lagt þannig fyrir skiptaréttinn að skiptaráðandi megi ekki leggja á það úrskurð efnislega í því horfi sem það er.

Þegar þetta er virt þykir vera slíkt ósamræmi í kröfugerð og málsreifun sóknaraðila fyrir Hæstarétti að vísa beri kærumálinu sjálfkrafa frá Hæstarétti og dæma sóknaraðila til að greiða varnaraðila 7.000,00 krónur í kærumálskostnað.

D ó m s o r ð:

Kærumáli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Sóknaraðili, Þórólfur Kristján Beck hæstaréttarlögmaður

vegna þrotabús Byggingafélagsins Reynis h/f, greiði varnaraðila, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, 7.000,00 krónur í kærumálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 5. janúar 1987.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 15. desember 1986.

Sóknaraðili, Þórólfur Kristján Beck hæstaréttarlögmaður f.h. þrotabús Byggingafélagsins Reynis h/f, Reykjavík, gerir eftirfarandi dómkröfur:

Aðallega að varnaraðiljum verði gert að greiða sóknaraðilja kr. 9.902.630,81 eða lægri fjárhæð að mati réttarins,

til vara að varnaraðiljum verði gert að greiða sóknaraðilja kr. 8.161.794,81 eða lægri fjárhæð samkvæmt mati réttarins,

til þrautavara að varnaraðiljum verði gert að greiða sóknaraðilja kr. 4.457.048,81 eða lægri fjárhæð samkvæmt mati réttarins,

auk 45% ársvaxta af framangreindum fjárhæðum frá 28. október 1982 til 20. september 1983, 37% ársvaxta frá þeim tíma til 20. október 1983, 36% ársvaxta frá þeim tíma til 20. nóvember 1983, 32% ársvaxta frá þeim tíma til 20. desember 1983, 25% ársvaxta frá þeim tíma til 20. janúar 1984, 19% ársvaxta frá þeim tíma til 1. janúar 1985, 32% ársvaxta frá þeim tíma til 1. febrúar 1985, 3,75% dráttarvaxta á mánuði fyrir hvern byrjaðan van-skilamánuð, sem liður frá 1. febrúar 1985 til 1. mars 1985, 4% dráttarvaxta frá þeim tíma til 1. júní 1985, 3,5% dráttarvaxta frá þeim tíma til 1. september 1985 og 3,75% dráttarvaxta frá þeim tíma til greiðsludags.

Ennfremur krefst sóknaraðili þess, að úrskurðað verði, að vexti skuli leggja við höfuðstól á tólf mánaða fresti og vextir síðan reiknast af hinum upphækkaða höfuðstól, í fyrsta skipti 28.10. 1983.

Loks krefst sóknaraðili þess, að varnaraðiljar greiði sóknaraðilja málskostnað samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Varnaraðiljar, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, krefjast þess *aðallega* að málinu verði vísað frá dómi og sóknaraðilja verði gert að greiða þeim hæfilegan málskostnað samkvæmt mati réttarins. *Til vara* er þess krafist að kröfum sóknaraðilja verði algerlega hafnað og að varnaraðiljum verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi sóknaraðilja að mati réttarins. *Til þrautavara* er þess krafist að kröfur sóknaraðilja verði verulega lækkaðar og málskostnaður í því tilviki felldur niður.

Krafa varnaraðilja um frávísun málsins kom fram í greinargeð þeirra á

dskj. nr. 95, sem lögð var fram á dómþingi hinn 27. október 1986 og fór fram munnlegur málflutningur um hana hinn 15. desember sl.

— — —

VI

Samkvæmt 112. gr. gjaldþotalaga nr. 6/1978 geta aðiljar samið um að reka fyrir skiptarétti dómsmál sem ella skulu rekin fyrir hinum almennu dómstólum. Er hér að sjálfsögðu átt við dómsmál sem þrotabú er aðili að.

Ágreiningur sá sem varð tilefni til þeirra málaferla sem hér er um að ræða er augljóslega þess efnis, að hann ætti ekki að sæta úrlausn skiptaréttarins, nema til kæmi sérstakt samkomulag aðilja þar að lútandi.

Sú málsástæða sóknaraðilja að frávisunarkrafa varnaraðilja sé of seint fram komin er algerlega út í bláinn.

Kröfugerð sóknaraðilja máls þessa er ekki í neinu samræmi við það samkomulag, sem aðiljar gerðu um rekstur ágreiningsmálsins um uppgjör fyrir smíði svonefnds Hugvísindahúss Háskóla Íslands. Hafa aðiljarnir ekki samið um að leggja undir úrlausn skiptaréttar Reykjavíkur ágreining um þær fjárkröfur sem sóknaraðili gerir í málalögbúnaði sínum og gerð var grein fyrir í kafla IV hér að framan. Verður þegar af þeirri ástæðu að vísa málinu frá skiptaréttinum, án þess að afstaða sé tekin til annarra málsástæðna varnaraðilja um frávisunarkröfu þeirra.

Eftir þessum úrslitum og með vísan til 1. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936 verður ekki hjá því komist að leggja á sóknaraðilja að greiða varnaraðiljum málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 25.000,00.

Ragnar Halldór Hall borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá skiptarétti Reykjavíkur.

Sóknaraðili, Þórólfur Kristján Beck hæstaréttarlögmaður f.h. þrotabús Byggingafélagsins Reynis h/f, greiði varnaraðiljum, menntamálaráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, kr. 25.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.